

## Séreignarsparnaður er ekki laust fé

Íslendingar eiga 250-300 milljarða króna í séreignarsparnaði, þar af eru um 80% í vörslu séreignarsjóða hjá bönkunum þremur: Kaupþingi, Glitni og Landsbankanum. Rætt hefur verið um að heimila fólki aðgang að séreignarsparnaði til þess að mæta greiðsluferfiðleikum. Fyrir Alþingi liggur frumvarp um fyrirframgreiðslu á séreignarsparnaði með litlum takmörkunum. Í stjórnarsáttmála nýrrar ríkistjórnar er einnig kveðið á um fyrirframgreiðslu á séreignarsparnaði og því líklegt að lagt verði fram stjórnarfrumvarp þess efnis.

Undirritaðir skilja þau sjónarmið að í ljósi efnahagsástandsins geti möguleg útgreiðsla séreignarsparnaðar hjálpað sjóðfélögum í greiðsluferfiðleikum. Hins vegar leggjum við áherslu á að sjóðfélögum verði ekki mismunað með nýjum lögum. Fjárfestingarstefna séreignarsjóða er ákvörðuð með hliðsjón af áætluðum binditíma fjárens, ef stórum hluta sjóðfélaga er skyndilega heimilað að losa sparnað sinn er hætt við að sala eigna rýri hlut allra sjóðfélaga.

Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að séreignarsparnaður er ekki laust fé, með því móti myndi hann ekki ávaxtast. Samkvæmt núgildandi lögum er sjóðfélögum heimilt að hefja úttekt séreignarsparnaðar við 60 ára aldur og hafa fjárfestingar séreignarsjóða tekið mið af því. Megnið af séreignarsparnaði eru bundinn í verðbréfum. Til þess að hægt sé að greiða séreignarsparnað út þarf fyrst að breyta honum í laust fé með sölu verðbréfa.

Tillögur um fyrirframgreiðslu á séreignarsparnaði þurfa að taka mið af því að ekki er hægt að greiða séreignarsparnað út nema búíð sé að selja verðbréf sem fjárfest hefur verið í. Til þess að hægt sé að selja fjárfestingar og breyta í laust fé þarf einhver kaupandi að vera til staðar. Í dag er seljanleiki á verðbréfamörkuðum lítill sem enginn og því verulegum vandkvæðum bundið að selja fjárfestingar sjóðanna.

Ef opnað er fyrir útgreiðslu á séreignarsparnaði án þess að hugað sé að því að breyta fjárfestingum í laust fé er hætta á að fjárfestingar sjóðanna lækki, þó að ekki takist að selja nema lítinn hluta þeirra. Raunveruleg hætta er á að eignaverð myndi lækka verulega og ekki væri hægt að greiða sjóðfélögum séreign sína út. Inneign allra sjóðfélaga myndi skerðast, óháð því hvort þeir óski eftir fyrirframgreiðslu.

Ef greiða ætti út 10% af séreignarsparnaði er líklegast að seldar verði þær eignir sem hægt er að breyta í laust fé (einkum ríkisskuldabréf) og aðrir sjóðfélagar sitja þá eftir með breytt eignasafn.

Mögulegar breytingar þurfa því að taka mið af seljanleika eigna og jafnræðis meðal sjóðfélaga.

Undirritaðir telja að hugmyndir um fyrirframgreiðslu séreignarsparnaðar séu erfiðleikum bundnar. Opnunin getur leitt til þess að eignaverð lækki með tilheyrandi tjóni fyrir heimili og fyrirtæki. Ef vilji stjórnvalda er engu að síður að opna á úttekt á séreignarsparnaðar er mikilvægt að fara varlega. Þannig mætti hugsa sér að byrja á að opna sjóðina með verulegum takmörkunum og dreifa útborgunum á 12 mánuði eða lengur. Hætta er á að mikil opnun geri það að verkum að sjóðirnir muni geta greitt minna út heldur en ef opnað yrði fyrir útgreiðslur með verulegum takmörkunum.

Arnaldur Loftsson, framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins hjá Kaupþingi

Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins hjá Glitni

Marinó Örn Tryggvason, forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta hjá Kaupþingi

Tryggvi Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Íslenska lífeyrissjóðsins hjá Landsbankanum